

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		
Þjóðhagfræði HAG113 fjarkennsla Námsætlun vorönn 2017		

Kennarar	Hálf dán Örnólfsson	Sk.st.	HÖR
-----------------	---------------------	---------------	-----


Áfangalýsing:

Kynnt eru grunnhugtök og meginviðfangsefni hagfræðinnar. Fjallað er um grunneiningar hagkerfisins og samspil þeirra í markaðsþjóðfélagi. Hringrás efnahagslífsins er útskýrð og fjallað um helstu hagstærðir þjóðarbúsins og innbyrðis tengsl þeirra. Meginþættir í efnahagsþróun eru teknir fyrir og hagræn vandamál skoðuð með dæmum úr íslensku efnahagslífi. Kynnt er margvísleg framsetning á hagfræðilegu efni. Nemendur fá þjálfun í að lesa úr línuritum og innsýn í notkun vísitalna, hlutfallareiknings, vegins meðaltals og fleiri algengra aðferða við vinnslu á hagfræðilegum upplýsingum. Áhersla er lögð á að nemendur geti hagnýtt sér Netið til öflunar hagfræðilegra upplýsinga.

Markmið:

Að áfanganum loknum skulu nemendur:

- þekkja grundvöll hagfræðinnar sem fræðigreinar
- þekkja helstu einkenni markaðshagkerfis og blandaðs hagkerfis
- þekkja grunneiningar hagkerfisins og meginhlutverk þeirra
- þekkja lögmál markaðarins og geta útskýrt meginþætti verðmyndunar á markaði
- þekkja til helstu aðila á vinnumarkaði og þeirra þátta er mestu varða í samskiptum þeirra og í launamyndun almennt.
- þekkja hringrás opins, blandaðs hagkerfis
- þekkja til ráðstöfunaruppgjör þjóðhagsstærða.
- þekkja helstu tekjuhugtök og aðferðir við að skoða tekjuskiptingu
- þekkja til helstu umsvifa hins opinbera í efnahagslífinu og aðferða til fjármögnunar þeirra
- þekkja til helstu aðila á peningamarkaði, þekkja hlutverk seðlabanka og geta útskýrt hvaða þættir ákvarða peningaframboð, peningaeftirspurn og þar með vaxtastigið
- þekkja til helstu ákvörðunarþátta utanríkisviðskipta s.s. kenninga um hlutfallslega og hreina hagkvæmni
- þekkja til greiðslujafnaðar og samsetningar hans með sérstakri áherslu á viðskiptajöfnuð
- þekkja helstu áhrifaþætti nafngengis gjaldmiðla og tilhögun við skráningu á gengi íslensku krónunnar
- þekkja hugtakið hagvöxtur, helstu ákvörðunarþætti og vanda við mat á honum m.a. með tilliti til umhverfisvandamála.
- þekkja til helstu vandamála í efnahagslífinu s.s. verðbólgu, atvinnuleysis og erlendar skuldasófnunnar.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		
Þjóðhagfræði HAG113 fjarkennsla Námsætlun vorönn 2017		

Námsgögn:

Efni frá kennara. Ítarefni og stuðningsefni á vef.


Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
	Verkefni 1-12. Metin á 2,5% hvert.		30%
	Gagnvirk próf 1-8. Metin á 2,5% hvert.		20%
	Lokapróf		50%
	Samtals:		100%
Annað: Nemandi verður að ná að minnsta kosti 40% námsmarkmiða á lokaprófi til að aðrir námsmatsþættir séu metnir inn í lokaeinkunn			

Áætlun um yfirferð:

VIKA	NÁMSEFNI	VERKEFNI OG GAGNVIRK PRÓF
5	Inngangur að þjóðhagfræði	Verkefni 1. Próf 1.
6	Hagkerfið og grunneiningar þess	Verkefni 2. Próf 2.
7	Verðmyndun	Verkefni 3. Próf 3.
8	Vinumarkaður	Verkefni 4.
9	Efnahagshringrás, þjóðhagsreikningar	Verkefni 5. Próf 4.
10	Efnahagshringrás, þjóðhagsreikningar	Verkefni 6.
11	Tekjur, neysla, sparnaður og fjárfestingar	Verkefni 7. Próf 5.
12	Hið opinbera	Verkefni 8.
13	Peningamarkaður	Verkefni 9. Próf 6.
14	Utanríkisviðskipti	Verkefni 10. Próf 7.
15		
16	Efnahagsþróun og hagstjórn	Verkefni 11. Próf 8.
17	Upprifjun (efnahagshringrás)	Verkefni 12.

Dagsetning:


Undirritun kennara


Undirritun bráutarstj., fagstj eða staðgengils